

## Öryggismál

### Áhersla á öryggi nemenda og starfsfólks

Það er eftirsóknarvert og mikilsvert að hlúa sífellt að vellíðan á vinnustaðnum Tjarnarskóla, jafnt fyrir nemendur og starfsfólk.

### Eldvarnar- og rýmingaráætlun

Við upphaf skólastarfs á hverjum vetri er farið rækilega yfir öryggisþætti sem varða eldvarnir með nemendum og starfmönnum skólans. Skólastjóri hefur umsjón með þeim þætti. Allir fá fræðslu og/eða upprifjun á hvaða öryggisútbúnaður er til staðar í skólanum og hvernig sá búnaður gefur til kynna ef ekki er allt með felldu.

Farið er rækilega yfir rýmingarferli. Nemendur fá minnisblað í hendur. Það minnisblað er „til prófs“ í annarlok 1. annar og 2. annar í námsgreininni mannrækt.

Rýmisæfing fer að jafnaði fram einu sinni til tvisvar á vetri með aðkomu fulltrúa frá Skaftfelli sem sér um eldvarnakerfi hússins í samvinnu við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

Í kjölfar hvernar rýmisáætlunar er metið hvernig til hefur tekist og skráð á minnisblað. Ef ástæða er til úrbóta eru þær gerðar eins fljótt og unnt er.

### Samstarf við Vinnuvernd ehf

Tjarnarskóli er aðli að Samtökum sjálfstæðra skóla, SSSK. Á þeirra vegum var unnið útboð um vinnuvernd og í kjölfarið var gengið að tilboði Vinnuverndar ehf. árið 2013. Við í Tjarnarskóla gerðum samkomulag við þennan aðila en samkomulagið felur m.a. í sér:

- a) Trúnaðarlæknisþjónustu; sem er þjónusta á sviði vinnu- og heilsuverndar. Auk þess bólusetningar og heilsufarsmælingar ef óskað er eftir. Kennarar hafa aðgang að læknisþjónustu einn morgun í viku, sér að kostnaðarlausu.
- b) Fræðsla af ýmsu tagi s.s. skyndihjálparnámskeið, námskeið um líkamsbeitingu og fleira.
- c) Ráðgjöf, s.s. um áhættumat.
- d) Aðgangur að vinnustaðasálfræðingi.

### Áhættumat

**Áhættumat** liggur fyrir samkvæmt lögum. Það var unnið í samvinnu við Vinnuvernd ehf. 2012 – 2013 og er endurskoðað á hverju skólaári.

### Spurningakönnun meðal starfsfólks um félagslegan og andlegan aðbúnað á vinnustað

Vinnuvernd ehf tók að sér að leggja spurningakönnun fyrir starfsmenn um líðan á vinnustað skólaveturinn 2012-2013. Könnunin tók á ýmsum þáttum m.a.; reykingum, líkamsrækt, vinnuálagi, stuðningi frá vinnufélögum, umhyggju stjórnanda, möguleikum að þróast í starfi, einelti, endurmenntun, streitu, líkamlegum óþægindum, rýmingaráætlun og fleira. Það er gagnlegt að leggja fyrir könnun af þessu tagi og fyrirhugað er að leggja sambærilega könnun fyrir árlega og gera samanburð á milli ára.

Vinnuvernd hefur einnig séð um námskeið um góða líkamsbeitingu fyrir starfsmenn.

**Áætlun gegn einelti á vinnustað sem við nefnum „Vellíðan á vinnustað“.**

Eineltisáætlun fyrir starfsmenn var unnin í samvinnu við Vinnuvernd ehf. 2012-2013 og liggur nú fyrir og er aðgengileg öllum starfsmönnum. Hún er til taks til þess að stýra vinnuferli svo að tryggja megi starfsmönnum sem besta líðan á vinnustað á komandi árum.